

5.-7.bekkur enska 2020-2021

Kennarar: Kristvina Gísladóttir; Sara Regína Valdimarsdóttir;
Trostan Agnarsson

5, 6, 7

Lýsing

Æfingar í því að lesa og hlusta á ensku. Orðaforði byggður upp með því að glósa og þýða. Einnig verða smærri ritunarverkefni eftir því sem við á.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Enska við lok 1. stigs

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Enska við lok 1. stigs - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.
- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.

Enska við lok 1. stigs - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina

Enska við lok 1. stigs - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

Enska við lok 1. stigs - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

Enska við lok 1. stigs - Ritun

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.

Enska við lok 1. stigs - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.
- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Enska við lok 1. stigs - Náms hæfni

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.



Action

hljóðbók

(<https://mms.is/namsefni/action-hljodbok>)



Action

hlustunaræfingar

(<https://mms.is/namsefni/action-hlustunaraefingar>)



Action

vinnubók A

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/action_worka/)



Action

vinnubók B

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/action_workb/)